

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/10/EB

frá 6. febrúar 2003

um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu að því er varðar váhrif sem starfsmenn verða fyrir af völdum eðlisfræðilegra áhrifavalda (hávaða)

(sautjándi sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 137. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup> sem lögð var fram að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans<sup>(3)</sup> á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 8. nóvember 2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt sáttmálanum getur ráðið, með útgáfu tilskipana, samþykkt lágmarkskröfur sem eiga að stuðla að úrbótum, einkum á vinnuumhverfi, til að tryggja betri heilsuvernd og bætt öryggi starfsmanna. Í slíkum tilskipunum ber að forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 2) Þótt ákvæði þessarar tilskipunar komi ekki í veg fyrir að aðildarríki geti viðhaldið eða komið upp strangari verndarráðstöfunum í samræmi við ákvæði sáttmálans á ekki að vera hægt að bera fyrir sig framkvæmd hennar til að réttlæta afturför á þessu sviði frá því sem nú tíðkast í aðildarríkjunum.
- 3) Í tilskipun ráðsins 86/188/EBE frá 12. maí 1986 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa hávaða á vinnustöðum<sup>(4)</sup> er kveðið á um að ráðið endurskoði hana að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og með það fyrir augum að draga úr áhættunni sem um er að ræða, einkum með tilliti til þróunar í vísindapekkingu og tækni.

- 4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun hennar um öryggi, hollustuhætti og heilbrigði á vinnustað<sup>(5)</sup> er kveðið á um samþykkt ráðstafana til að stuðla að öryggi á vinnustað, einkum með það fyrir augum að rýmka gildissvið tilskipunar 86/188/EBE og endurmeta viðmiðunargildin. Ráðið tók mið af þessu í ályktun sinni frá 21. desember 1987 um öryggi, hollustuhætti og heilbrigði á vinnustað<sup>(6)</sup>.
- 5) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar varðandi aðgerðaáætlun hennar um framkvæmd stofnskrár Bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er kveðið á um að setja skuli lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna sem komast í snertingu við eðlisfræðilega áhrifavalda. Í september 1990 samþykkti Evrópuþingið ályktun varðandi þessa aðgerðaáætlun<sup>(7)</sup> og hvatti einkum framkvæmdastjórnina til að semja sérstaka tilskipun um áhættu vegna hávaða og titrings og allra annarra eðlisfræðilegra áhrifavalda á vinnustaðnum.
- 6) Í fyrsta áfanga samþykkti Evrópuþingið og ráðið, 25. júní 2002, tilskipun 2002/44/EB um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu að því er varðar áhættu fyrir starfsmenn vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (titrings) (sextánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)<sup>(8)</sup>.
- 7) Í öðrum áfanga er talið rétt að gera ráðstafanir til að vernda starfsmenn fyrir váhrifum af völdum hávaða vegna áhrifa á heilsu þeirra og öryggi, einkum hættu á heyrnarskaða. Þessar ráðstafanir eiga ekki einungis að tryggja heilsu og öryggi hvers starfsmanns heldur einnig skapa grunn að lágmarksvernd alls launafólks í Bandalaginu til að komast hjá hugsanlegri röskun á samkeppni.
- 8) Fyrirliggjandi vísindapekking á áhrifum sem hávaði getur haft á heilsu og öryggi nægir ekki til að hægt sé að setja nákvæm viðmiðunarmörk fyrir váhrif sem ná yfir öll stig áhættu fyrir heilsu og öryggi, einkum að því er varðar áhrif hávaða á annað en heyrn.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 77, 18.3.1993, bls. 12 og Stjtið. EB C 230, 19.8.1994, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 249, 13.9.1993, bls. 28.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 1994 (Stjtið. EB C 128, 9.5.1994, bls. 146), staðfest 16. september 1999 (Stjtið. EB C 54, 25.2.2000, bls. 75), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. október 2001 (Stjtið. EB C E 45, 19.2.2002, bls. 41) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. mars 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 137, 24.5.1986, bls. 28. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/24/EB (Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 28, 3.2.1988, bls. 3.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB C 28, 3.2.1988, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB C 260, 15.10.1990, bls. 167.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 177, 6.7.2002, bls. 13.

- 9) Kerfi til verndar gegn hávaða skal takmarkast við skilgreiningu, án óþarfra smáatriða, á markmiðum sem ber að ná, meginreglum sem ber að fylgja og gildum sem skulu lögð til grundvallar og ber að nota til að aðildarríkin geti beitt lágmarkskröfunum á þann hátt að sambærilegt sé.
- 10) Hægt er að draga úr váhrifum af völdum hávaða á skilvirkari hátt með því að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir við hönnun verkstöðva og vinnustaða og með því að velja vinnutæki, verkferli og aðferðir þannig að það hafi forgang að draga úr áhættunni strax í upphafi. Ákvæði varðandi vinnutæki og -aðferðir stuðla þannig að vernd hlutaðeigandi starfsmanna. Í samræmi við almennu meginreglurnar um forvarnir sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum<sup>(1)</sup>, ganga ráðstafanir til verndar starfsmönnum almennt fyrir ráðstöfunum til að vernda einstaka starfsmenn.
- 11) Í kóða um hávaðastig um borð í skipum í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 468(12) eru leiðbeiningar um hvernig draga megi úr hávaða við upptök hans um borð í skipum. Aðildarríkin skulu eiga rétt á því að kveða á um aðlögunartímabil að því er varðar starfsmenn um borð í hafskipum.
- 12) Til að leggja rétt mat á váhrif á starfsmenn af völdum hávaða er hentugt að beita hlutlægrri mæliaðferð og vísa til ISO-staðals 1999:1990 sem er almennt viðurkenndur. Áætluð gildi, eða gildi sem eru mæld á hlutlægan hátt, skulu ráða úrslitum um hvort gripíð verði til fyrirhugaðra aðgerða í tengslum við efri og neðri viðbragðsmörk váhrifa. Ákvarða þarf viðmið-unarmörk fyrir váhrif til að koma í veg fyrir að starfsmenn hljóti varanlegan heyrnarskaða. Hávaði sem nær til eyrna skal vera undir viðmiðunarmörkum.
- 13) Þörf er á hagnýtum leiðbeiningum vegna sérkenna tónlistar- og skemmtanageiranna til að greiða fyrir skilvirkri beitingu ákvæðanna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Aðildarríkin skulu eiga rétt á að nýta sér aðlögunartímabil til að þróa starfsreglur þar sem veittar eru hagnýtar leiðbeiningar fyrir starfsmenn og vinnuveitendur í þessum geirum við að ná því verndarstigi sem er sett í þessari tilskipun.
- 14) Vinnuveitendur skulu gera breytingar í ljósi tækni-framfara og vísindapekkingar að því er varðar áhættu sem fylgir váhrifum af völdum hávaða með það fyrir augum að bæta öryggi og heilsuvernd starfsmanna.
- 15) Þar eð þessi tilskipun er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE gildir sú tilskipun um váhrif á starfsmenn af völdum hávaða, sbr. þó strangari og/eða sértækari ákvæði í þessari tilskipun.
- 16) Tilskipun þessi er raunhæfur liður í því að gera félagsmálalátt innri markaðarins að veruleika.
- 17) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(2)</sup>.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. ÞÁTTUR

## ALMENN ÁKVÆÐI

## 1. gr.

## Markmið og gildissvið

1. Í tilskipun þessari, sem er sautjándi sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE, er mælt fyrir um lágmarkskröfur til að vernda heilsu og öryggi starfsmanna gegn líklegum eða hugsanlegum váhrifum af völdum hávaða, einkum heyrnarskaða.
2. Kröfurnar í þessari tilskipun gilda um starfsemi þar sem starfsmenn verða eða kunna að verða fyrir váhrifum af völdum hávaða við störf sín.
3. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að fullu um allt sviðið sem um getur í 1. mgr., sbr. þó strangari og/eða sértækari ákvæði sem er að finna í þessari tilskipun.

## 2. gr.

## Skilgreiningar

Í þessari tilskipun eru eðlisfræðilegar breytur, sem notaðar eru til að segja fyrir um áhættu, skilgreindar sem hér segir:

- a) hámarkshljóðþrýstingur ( $p_{peak}$ ): hámarksgildi C-tíðnivegens augnablikshljóðþrýstings,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- b) dagleg váhrif af völdum hávaða ( $L_{EX,8h}$ ) (dB(A) re. 20  $\mu$ Pa): tímavegið meðaltal váhrifa af völdum hávaða í einn vinnudag sem er nafngildi átta tíma vinnudags eins og skilgreint er í lið 3.6 í alþjóðlega ISO-staðlinum 1999:1990. Þetta nær yfir allan hávaða á vinnustað, þ.m.t. hávaða sem stafar af höggum eða sprengingum,
- c) vikuleg váhrif af völdum hávaða ( $L_{EX,8h}$ ): tímavegið meðaltal daglegra váhrifa af völdum hávaða fyrir vinnuviku, sem er að nafngildi fimm átta tíma vinnudagar, eins og skilgreint er í lið 3.6 í alþjóðlega ISO-staðlinum 1999:1990 (2. aths.).

3. gr.

### Viðmiðunarmörk og viðbragðsmörk váhrifa

1. Í þessari tilskipun eru viðmiðunarmörk og viðbragðsmörk váhrifa, að því er varðar dagleg váhrif og hámarkshljóðþrýsting, skilgreind sem:

- a) viðmiðunarmörk váhrifa:  $L_{EX,8h} = 87$  dB(A) og  $p_{peak} = 200$  Pa <sup>(1)</sup>,
- b) efri viðbragðsmörk váhrifa:  $L_{EX,8h} = 85$  dB(A) og  $p_{peak} = 140$  Pa <sup>(2)</sup>,
- c) neðri viðbragðsmörk váhrifa:  $L_{EX,8h} = 80$  dB(A) og  $p_{peak} = 112$  Pa <sup>(3)</sup>.

2. Þegar viðmiðunarmörkum váhrifa er beitt skal ákvarða hversu miklum váhrifum starfsmaður verður fyrir með tilliti til þeirrar deyfingar sem fæst með heyrnarhlífum sem hann notar. Ekki skal taka tillit til slíkra hlífa þegar sett eru viðbragðsmörk váhrifa.

3. Aðildarríkjunum er heimilt, þegar aðstæður gefa nægilegt tilefni til, við beitingu viðmiðunarmarka og viðbragðsmarka váhrifa á starfsemi þar sem váhrif af völdum hávaða breytast verulega frá degi til dags, að nota gildi vikulegra váhrifa af völdum hávaða í stað gildis daglegra váhrifa af völdum hávaða til að meta umfang þeirra á starfsmenn, að því tilskildu að:

- a) gildi vikulegra váhrifa af völdum hávaða, eins og fullnægjandi eftirlit gefur til kynna, fari ekki yfir viðmiðunarmörkin 87 dB(A) og
- b) gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að draga eins og mögulegt er úr áhættunni sem fylgir þessari starfsemi.

## II. ÞÁTTUR

### SKYLDUR VINNUVEITENDA

4. gr.

#### Ákvörðun og mat á áhættu

1. Við að uppfylla þær skyldur, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/391/EBE, skal vinnuveitandi meta og mæla, ef þörf krefur, hve miklum váhrifum starfsmenn verða fyrir af völdum hávaða.

2. Laga skal aðferðir og tæki, sem eru notuð, að ríkjandi aðstæðum, einkum með tilliti til sérkenna hávaðans sem á að mæla, þess hversu lengi váhrifin vara, umhverfisþátta og eiginleika mælitækjanna.

Með þessum aðferðum og tækjum skal vera unnt að ákvarða þær færðreytur sem skilgreindar eru í 2. gr. og ákveða hvort farið hafi verið yfir mörkin sem sett eru í 3. gr. í tilteknum tilvikum.

3. Aðferðirnar, sem eru notaðar, skulu fela í sér úrtak sem skal vera dæmigert fyrir þau váhrif af völdum hávaða sem einn starfsmaður verður fyrir.

4. Þar til bærir þjónustuaðilar skulu skipuleggja og framkvæma matið og mælinguna, sem um getur í 1. mgr, með hæfilegu millibili, að teknu sérstöku tilliti til ákvæða 7. gr. tilskipunar 89/391/EBE um kröfur um hæfi þjónustuaðila eða einstaklinga. Gögnin, sem fást úr matinu og/eða mælingunni á því hve mikil váhrifin af völdum hávaða eru, skulu varðveitt á viðeigandi formi til að þau geti komið að gagni síðar.

5. Við beitingu þessarar greinar skal taka tillit til ónákvæmni við mælingar í samræmi við mælifræðilegar venjur þegar meta skal niðurstöður mælingarinnar.

6. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. í tilskipun 89/391/EBE skal vinnuveitandinn huga sérlega vel að eftirfarandi atriðum við áhættumat:

- a) hve mikil váhrifin eru, hvers eðlis þau eru og hve lengi þau standa yfir, þ.m.t. hávaði sem stafar af höggum eða sprengingum,
- b) viðmiðunarmörkum og viðbragðsmörkum váhrifa sem mælt er fyrir um í 3. gr. þessarar tilskipunar,
- c) öllum áhrifum er varða heilsu og öryggi starfsmanna í sérstökum áhættuhópum,
- d) að svo miklu leyti sem það er tæknilega mögulegt, öllum áhrifum á heilsu og öryggi starfsmanna sem stafa af víxlverkun milli hávaða og efna í tengslum við vinnuna sem geta valdið eitrunaráhrifum á heyrnartaug og milli hávaða og titrings,
- e) öllum óbeinum áhrifum á heilsu og öryggi starfsmanna sem stafa af víxlverkun milli hávaða og viðvörunarmerkja eða annarra hljóða, sem fylgjast þarf með í því skyni að draga úr hættu á slysum,
- f) upplýsingum um hávaðamengun, sem framleiðendur vinnutækja veita í samræmi við viðeigandi tilskipanir Bandalagsins,
- g) hvort fyrir hendi sé annars konar búnaður, sem er ætlaður til að draga úr hávaðamengun,
- h) hvort váhrifa af völdum hávaða gæti áfram utan vinnutíma á ábyrgð vinnuveitandans,

<sup>(1)</sup> 140 dB (C) í tengslum við 20  $\mu$ Pa.

<sup>(2)</sup> 137 dB (C) í tengslum við 20  $\mu$ Pa.

<sup>(3)</sup> 135 dB (C) í tengslum við 20  $\mu$ Pa.

- i) viðeigandi upplýsingum í kjölfar heilsueftirlits eftir því sem unnt er, þ.m.t. upplýsingar sem hafa verið birtar,
- j) hvort til staðar séu heyrnarhlífar sem deyfa hljóðið nægilega mikið.

7. Vinnuveitandinn skal hafa undir höndum áhættumat í samræmi við a-lið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/391/EBE og skal tilgreina hvaða ráðstafanir þarf að gera í samræmi við 5., 6., 7 og 8 gr. þessarar tilskipunar. Áhættumatið skal skráð á viðeigandi miðli í samræmi við landslög og venju. Uppfæra skal áhættumatið reglulega, einkum ef verulegar breytingar hafa orðið, sem gera það úrelt, eða ef niðurstöður heilsueftirlits benda til þess að það sé nauðsynlegt.

#### 5. gr.

#### Ákvæði sem miða að því að forðast eða minnka váhrif

1. Að teknu tilliti til tækniframfara og tiltækra ráðstafana til að sporna við áhættunni strax við upptökin skal áhætta vegna váhrifa af völdum hávaða útilokuð eða henni haldið í lágmarki við upptök hans.

Takmörkun slíkrar áhættu skal byggð á almennu meginreglunum um forvarnir í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/391/EBE og taka einkum tillit til:

- a) annarra starfsaðferða þar sem menn verða síður fyrir váhrifum af völdum hávaða,
- b) þess að valin séu, með tilliti til þeirrar vinnu sem fyrir liggur, viðeigandi vinnutæki, sem gefa frá sér eins lítinn hávaða og mögulegt er, þ.m.t. möguleiki á að starfsmenn hafi aðgang að vinnutækjum sem uppfylla ákvæði Bandalagsins þar sem fram kemur það markmið eða tilgangur að takmarka váhrif af völdum hávaða,
- c) hönnunar og innréttingar vinnustaða og verkstöðva,
- d) viðeigandi upplýsinga og þjálfunar til að kenna starfsmönnum að nota vinnutæki rétt og halda þannig váhrifum af völdum hávaða í lágmarki,
- e) þess að draga úr hávaða með tæknilegum aðferðum:
  - i) sem draga úr hávaða sem berst í lofti, t.d. með hlífum, milliveggjum eða hljóðgleyfum klæðningum,
  - ii) sem draga úr hávaða sem rekja má til hönnunar, t.d. hljóðdeyfing eða einangrun,
- f) viðeigandi viðhaldsáætlana fyrir vinnutæki, vinnustað og vinnustaðarkerfi,
- g) skipulags vinnunnar til að draga úr hávaða:
  - i) með því að takmarka tímann sem váhrif standa yfir og styrk þeirra,
  - ii) með hæfilegum vinnutíma með viðeigandi hvíldartímum.

2. Þegar farið er yfir efri viðbragðsmörk váhrifa af völdum hávaða skal vinnuveitandi, á grundvelli áhættumatsins sem um getur í 4. gr., gera og koma í framkvæmd áætlun um tæknilegar og/eða skipulagslegar ráðstafanir sem er ætlað að draga úr váhrifum af völdum hávaða og taka einkum tillit til ráðstafana sem um getur í 1. mgr.

3. Á grundvelli áhættumatsins, sem um getur í 4. gr., skulu sett upp viðeigandi merki á vinnustöðum þar sem starfsmenn kunna að verða fyrir váhrifum af völdum hávaða sem fer yfir viðbragðsmörk váhrifa. Afmarka skal viðkomandi svæði og aðgangur að þeim takmarkaður, sé það tæknilega mögulegt og ef hætta á váhrifum réttlætir það.

4. Þegar starfið er þess eðlis að starfsmaður getur nýtt sér hvíldaraðstöðu, sem vinnuveitandinn ber ábyrgð á, skulu váhrif af völdum hávaða minnkuð að því marki sem það samrýmist tilgangi og notkunarskilyrðum aðstöðunnar.

5. Samkvæmt 15. gr. tilskipunar 89/391/EBE skal vinnuveitandinn laga ráðstafanirnar, sem um getur í þessari grein, að þörfum starfsmanna sem tilheyra sérstökum áhættuhóp.

#### 6. gr.

#### Persónuhlífar

1. Ef ekki er hægt að koma í veg fyrir hættu á váhrifum af völdum hávaða með öðrum hætti skal hver starfsmaður hafa aðgang að viðeigandi, mátulegum heyrnarhlífum og nota þær í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 89/656/EBE frá 30. nóvember 1989 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota persónuhlífar á vinnustöðum (þriðja sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)<sup>(1)</sup> og 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/391/EBE og samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram hér á eftir:

- a) ef váhrif af völdum hávaða fara yfir neðri viðbragðsmörk váhrifa skal vinnuveitandi útvega hverjum starfsmanni heyrnarhlífar,
- b) ef váhrif af völdum hávaða eru við eða fara yfir efri viðbragðsmörk váhrifa skal nota heyrnarhlífar,
- c) velja skal heyrnarhlífar þannig að þær útiloki hættu á heyrnarskaða eða haldi áhættu í lágmarki.

2. Vinnuveitandinn skal gera allt sem í hans valdi stendur til að tryggja að heyrnarhlífar séu notaðar og skal bera ábyrgð á eftirliti með skilvirkni þeirra ráðstafana sem gerðar eru í samræmi við þessa grein.

(<sup>1</sup>) Stj.útd. EB L 393, 30.12.1989, bls. 18.

7. gr.

**Takmörkun váhrifa**

1. Váhrif, sem starfsmaður verður fyrir í samræmi við 2. mgr. 3. gr., skulu ekki undir neinum kringumstæðum fara yfir viðmiðunarmörkin.
2. Ef váhrifa gætir, sem eru yfir viðmiðunarmörkunum þrátt fyrir þær ráðstafanir sem gerðar eru til framkvæmdar þessari tilskipun, skal vinnuveitandinn:
  - a) tafarlaust gera ráðstafanir til að færa váhrifin niður fyrir viðmiðunarmörkin,
  - b) tilgreina ástæður þess að váhrifin fóru yfir mörkin og
  - c) breyta forvarnar- og verndarráðstöfunum sínum til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

8. gr.

**Upplýsingar og þjálfun starfsmanna**

Með fyrirvara um 10. og 12. gr. tilskipunar 89/391/EBE skal vinnuveitandi sjá til þess að starfsmenn, sem verða fyrir váhrifum af völdum hávaða, sem eru við eða yfir lægri viðbragðsmörkum váhrifa, og/eða fulltrúar þeirra, fái upplýsingar og þjálfun í tengslum við áhættu vegna váhrifa af völdum hávaða, einkum varðandi:

- a) eðli slíkrar áhættu,
- b) ráðstafanirnar sem gerðar eru til framkvæmdar þessari tilskipun til að draga úr áhættunni sem stafar af hávaða eða halda henni í lágmarki, þ.m.t. aðstæður þar sem ráðstöfunum er beitt,
- c) viðmiðunarmörk og viðbragðsmörk váhrifa sem mælt er fyrir um í 3. gr. þessarar tilskipunar,
- d) niðurstöður mats og mælingar á hávaða, sem fara fram í samræmi við 4. gr. þessarar tilskipunar, ásamt útskýringu á mikilvægi þeirra og hugsanlegri áhættu,
- e) rétta notkun heyrnarhlífa,
- f) hvers vegna skuli tilkynna merki um heyrnarskemmdir og hvernig megi greina þau,
- g) við hvaða aðstæður starfsmenn eigi rétt á heilsuvernd og hvert sé markmiðið með heilsuvernd, í samræmi við 10. gr. þessarar tilskipunar,
- h) öruggar vinnureglur til að halda váhrifum af völdum hávaða í lágmarki.

9. gr.

**Samráð og þátttaka starfsmanna**

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra í samræmi við 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE um málefni sem þessi tilskipun tekur til, einkum um:

- áhættumat og hvaða ráðstafanir skuli gera, sem um getur í 4. gr.,
- aðgerðir sem miða að því að útiloka og draga úr áhættu vegna váhrifa af völdum hávaða, sem um getur í 5. gr.,
- val á heyrnarhlífum sem um getur í c-lið 1. mgr. 6. gr.

**III. ÞÁTTUR****ÝMIS ÁKVÆÐI**

10. gr.

**Heilsuvernd**

1. Með fyrirvara um 14. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu aðildarríkin samþykkja ákvæði til að tryggja viðeigandi heilsueftirlit starfsmanna þegar niðurstöður matsins og mælingarinnar, sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar, benda til þess að heilsu þeirra sé hætta búin. Þessi ákvæði, þ.m.t. kröfur sem gerðar eru um heilsufarskrár og aðgengi að þeim, skulu vera í samræmi við landslög og/eða venju.

2. Starfsmaður, sem verður fyrir váhrifum sem eru yfir efrri viðbragðsmörkum, skal eiga rétt á að lækni eða annar aðili með tilskilin réttindi, sem starfar á ábyrgð læknis, athugi heyrn hans, í samræmi við landslög og/eða venju. Starfsmönnum, sem verða fyrir váhrifum sem eru yfir lægri viðbragðsmörkum, skal einnig standa til boða fyrirbyggjandi heyrnarmælingar þegar matið og mælingin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr., benda til þess að heilsu þeirra sé hætta búin.

Markmiðið með þessum athugunum er að geta greint snemma heyrnartap vegna hávaða og að vernda heyrnina.

3. Aðildarríkin skulu koma á fyrirkomulagi sem tryggir að heilsufarsskrár séu haldnar og uppfærðar fyrir hvern starfsmann sem er undir eftirliti í samræmi við 1. og 2. mgr. Í heilsufarsskrám skulu teknar saman niðurstöður úr heilsueftirlitinu. Þær skulu vera á viðeigandi formi til að þær geti komið að gagni síðar, að teknu tilliti til hvers konar þagnarskyldu.

Afrit af viðeigandi skýrslum skulu afhent þar til bæru yfirvaldi samkvæmt beiðni þess. Hlutaðeigandi starfsmaður skal hafa aðgang að heilsufarsskrám um hann sjálfan ef hann óskar eftir því.

4. Ef eftirlit með heyrn leiðir í ljós greinanlegan heyrnarskaða hjá starfsmanni skal læknir eða sérfræðingur, telji læknirinn það nauðsynlegt, meta hvort líklegt sé að skaðann megi rekja til váhrifa af völdum hávaða á vinnustað. Ef sú er raunin:

- a) skal læknirinn, eða annar aðili með tilskilin réttindi, greina starfsmanninum frá þeim niðurstöðum sem varða hann sjálfan,
- b) skal vinnuveitandi:
  - i) endurskoða áhættumatið sem hefur farið fram skv. 4. gr.,
  - ii) endurskoða ráðstafanirnar sem hafa verið gerðar til að útiloka eða draga úr áhættu skv. 5. og 6. gr.,
  - iii) taka til greina ráðleggingar sérfræðings í atvinnu-sjúkdómum eða annars aðila með tilskilin réttindi eða þar til bær yfirvalds við framkvæmd hvers konar ráðstafana sem nauðsynlegt er að gera til að útiloka eða draga úr áhættu í samræmi við 5. og 6. gr. þ.m.t. möguleikinn á því að fá starfsmanninum annað starf þar sem ekki er hætt á frekari váhrifum og
  - iv) sjá fyrir heilsueftirliti og að heilsufar allra annarra starfsmanna, sem hafa orðið fyrir váhrifum á svipaðan hátt, verði athugað.

11. gr.

### Undanþágur

1. Við sérstakar aðstæður þar sem líklegt er að heilsu og öryggi sé, vegna eðlis vinnunnar, meiri hættu búin ef heyrnarhlífur eru alltaf notaðar og notaðar rétt en ef þeim er sleppt, geta aðildarríkin veitt undanþágu frá ákvæðum a- og b-liðar 1. mgr 6. gr. og 7. gr.
2. Aðildarríkin skulu veita undanþágurnar, sem um getur í 1. mgr., að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og, eftir því sem við á, ábyrg heilbrigðisyrfvöld í samræmi við landslög og/eða venju. Þessar undanþágur skulu vera háðar skilyrðum sem, að teknu tilliti til hinna sérstöku aðstæðna, tryggja að áhættunni sé haldið í lágmarki og að viðkomandi starfsmenn séu undir sérstöku heilsueftirliti. Endurskoða skal þessar undanþágur á fjögurra ára fresti og fella þær úr gildi um leið og þær aðstæður, sem eru tilefni þeirra, eru ekki lengur fyrir hendi.
3. Fjórða hvert ár skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skrá yfir undanþágurnar, sem um getur í 1. mgr., þar sem tilgreint er nákvæmlega við hvaða aðstæður þessar undanþágur voru veittar og hvers vegna.

12. gr.

### Tæknilegar breytingar

Hreinar, tæknilegar breytingar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðarregluna sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 13. gr. og í samræmi við:

- a) samþykkt tilskipana á sviði tæknilegrar samhæfingar og stöðlunar að því er varðar hönnun, smíði, framleiðslu eða útfærslu vinnutækja og/eða vinnustaða og
- b) tækniframfarir, breytingar á þeim samhæfðu Evrópu-stöðlum eða -forskriftum sem helst eiga við og nýjar uppgötvanir varðandi hávaða.

13. gr.

### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.
  2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
- Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.
3. Nefndin setur sér starfsreglur.

14. gr.

### Starfsreglur

Aðildarríkin skulu, í tengslum við beitingu þessarar tilskipunar, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við landslög og venju, setja starfsreglur þar sem kveðið er á um hagnýtar viðmiðunarreglur til að aðstoða starfsmenn og vinnuveitendur í tónlistar- og skemmtana-geirunum við að uppfylla lagaskyldu sína eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

15. gr.

### Niðurfelling

Tilskipun 86/188/EBE er hér með felld úr gildi frá og með þeim degi sem er tilgreindur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 17. gr.

## IV. ÞÁTTUR

## LOKAÁKVÆÐI

16. gr.

## Skýrslur

Fimmta hvert ár skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um verklega framkvæmd þessarar tilskipunar þar sem fram koma sjónarmið aðila vinnu- markaðarins. Í henni skal vera lýsing á bestu starfsvenjum til að koma í veg fyrir heilsuspillandi áhrif hávaða og á öðrum aðferðum við að skipuleggja vinnuna og einnig því sem aðildarríkin hafa gert til að miðla þekkingu á bestu starfsvenjum.

Á grundvelli þessara skýrslna skal framkvæmdastjórnin vinna heildarmat á framkvæmd tilskipunarinnar, m.a. í ljósi rannsókna og vísindalegra upplýsinga, og enn fremur að teknu tilliti til þess hverjar afleiðingar tilskipunin hefur fyrir tónlistar- og skemmtanageirana. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefndinni og ráðgjafarnefndinni um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum og, ef þörf krefur, leggja fram breytingartillögur.

17. gr.

## Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 15. febrúar 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Í því skyni að taka tillit til sérstakra aðstæðna geta aðildarríkin, ef þörf krefur, fengið viðbótarfrest til fimm ára frá og með 15. febrúar 2006, þ.e. alls átta ár, til að koma ákvæðum 7. gr. til framkvæmdar að því er varðar starfsmenn um borð í hafskipum.

Til þess að semja megi starfsreglur, þar sem kveðið er á um hagnýtar viðmiðunarreglur til framkvæmdar ákvæðum þessarar tilskipunar, skulu aðildarríkin eiga rétt á að nýta sér aðlögunartímabil, að hámarki tvö ár, frá 15. febrúar 2006, þ.e. í alls fimm ár frá því að þessi tilskipun öðlast gildi, til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar, að því er varðar tónlistar- og skemmtanageirana með því skilyrði að á meðan á tímabilinu stendur skuli viðhalda því verndarstigi sem þegar hefur verið náð í hverju aðildarríki.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja eða hafa þegar samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

18. gr.

## Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

19. gr.

## Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. EFTHYMIU

*forseti.*